

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bessastaðahreppi.

Breiðumýri og norðanvert Sviðholt.

Hreppsnefnd Bessastaðahrepps samþykkti þann 21. maí 2002 deiliskipulag við Breiðumýri og á norðanverðu Sviðholti í Bessastaðahreppi.

Samkvæmt skipulaginu verða byggð við íbúðargötu norðan Sviðholtsbæjarins 22 einbýlishús og tólf parhús, alls 34 íbúðir og við tvær íbúðargötur vestur úr Breiðumýri tólf níu íbúða fjölbýlishús og tólf raðhús, samtals 120 íbúðir. Á svæðinu er leikvöllur og lóð undir nýjan leikskóla. Sunnan leikskólans Krakkakots mun rísa hús fyrir verslun og þjónustu, auk þess sem gert er ráð fyrir viðbyggingum við leikskólann.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Bessastaðahreppi, 31. maí 2002.

Gunnar Valur Gíslason sveitarstjóri.

SAMÞYKKT

um verndun trjáa á Akureyri.

1. gr.

Umhverfisráð Akureyrar, sem fer með málefni byggingarnefndar samkvæmt 57. gr. samþykktar um stjórn Akureyrarbæjar, annast mál samkvæmt samþykkt þessari undir yfirstjórn bæjarstjórnar Akureyrar og í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar eftir því sem við á, umhverfisráð getur falið verkefnastjóra umhverfismála fullnaðarafgreiðslu ákveðinna mála sbr. þó 2. mgr. 4. gr., og fer þá um meðferð þeirra eftir samþykkt þessari.

2. gr.

Samþykkt þessi tekur til allra trjáa á Akureyri, sem eru 8 m á hæð eða eldri en 60 ára. Við gerð aðal- og deiliskipulags getur umhverfisráð lagt til að trjágróður sem æskilegt er talið að varðveita vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis njóti hverfisverndar án þess að um lögformlega friðun sé að ræða. Ákvæði samþykktar þessarar víkja fyrir strangari ákvæðum, sem sett eru í deiliskipulagi einstakra reita eða bæjarhverfa.

3. gr.

Óheimilt er að fella tré samkv. 2. gr. nema með leyfi verkefnastjóra eða eftir atvikum umhverfisráðs.

Umsókn um leyfi til að fella tré skal beint til umhverfisdeildar. Verkefnastjóri getur gert kröfu um að umsækjandi leggi fram með umsókn sinni afstöðumynd, ljósmyndir og/eða greinargerð eftir því sem þörf er á.

Ekki geta aðrir en eigendur trjáa fengið leyfi til að fella þau. Sé um að ræða tré á lóð fjóleignarhúss skal fylgja umsókn skriflegt samþykki a.m.k. 2/3 hluta þinglýstra eigenda, bæði miðað við fjölda og hlutdeild í lóð, sbr. B-lið 41. gr. laga um fjóleignarhús.